

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **21-003F002**

Dags: **11. janúar 2021**

Staður: **Seltjörn við Grindavíkurfleggjara**

Lýsing: **Féll niður í vök**

Flugmaður á TF-166 lagði af stað á vélknúnum svifdreka frá flugvöllinum Sléttunni á Reykjaneskaga í og ætlaði að lenda á ísilagðri Seltjörn við Grindavíkurfleggjara. Flugmaðurinn hafði fylgst með hitastigi undanfarna daga og hafði meðal annars farið að Seltjörn deginum áður til þess að mæla þykkt íssins. Hann þekkti aðstæður vel og hafði lent á tjörninni á veturna í um tuttugu ár.



Mynd 1: Rauðu örvarnar sýna stefnu landingar og för eftir akstur ásamt vélknúna svifdrekanum í vökinni

Flugmaðurinn flaug í um það bil 20 metra hæð frá flugvöllinum að tjörninni en tjörninn er um það bil 3 km austur af flugvöllinum.

Flugmaðurinn flaug svo í um það bil 35 metra hæð yfir tjörninni áður en hann lækkaði flugið og lenti svifdrekanum.

Flugmaðurinn gerði nokkrar snertilendingar á ísnum og eftir lokalendinguna snéri hann við og var í akstri þegar svifdrekin féll skyndilega í vök. Flugmaðurinn komst að sjálfsdáðum úr svifdrekanum og gekk að bakka vatnsins.

Af fyrri reynslu flugmannsins hafði hann ekki orðið var við vök á þessum stað áður og áttaði sig ekki því ekki á henni. Við vettvangsrannsókn mátti sjá að víða á vatninu voru staðir sem mögulega voru ekki heppilegir til lendingar eða aksturs vélknúinna svifdreka.



Mynd 2: För eftir TF-166

Á mynd 2 má meðal annars sjá að fleiri vakir voru í ísnum og hvetur RNSA flugmenn til þess að skoða landingarstaði vel úr lofti áður en ákvörðun er tekin um að notast við þá.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 25. nóvember 2021.